

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda skuli vera á götunum Barðastöðum að húsum nr. 7-23 og Bakkastöðum, hvorttveggja fyrir umferð um Barðastaði.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. desember 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, hefur verið ákveðið að framúrakstur ökutækja skuli bannaður í Bjarkarholti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. desember 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sorpstöð Suðurlands*, kt. 420481-0709, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi í Kirkjuferjuháleigu, Sveitarfélaginu Ölfusi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 4. desember 2008.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Grundarfjarðarbæ*, kt. 520169-1729, fyrir meðhöndlun meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi sem og geymslu á úrgangstimbri á Hrafnkelsstöðum í Kolgrafarfirði, Eyrarsveit. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Akraneskaupstað*, kt. 410169-4449, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi í landi Akraneskaupstaðar. Starfsleyfið er gefið

út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sveitarfélagið Hornafjörð*, kt. 590169-4639, fyrir meðhöndlun úrgangs á Mel í landi Fjarðar. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Öxarfjarðarhrepp*, kt. 520269-4529, fyrir meðhöndlun úrgangs. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 12. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUR

um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja eldsneyti á bifreiðar til neytenda og kveða á um skyldu til að verðmerkja eldsneyti á sölustað í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

2. gr.

Skylt er að verðmerkja eldsneyti við eldsneytisdælu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá verðið áður en byrjað er að dæla eldsneyti á bifreið. Verðupplýsingar skulu vera skýrar. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti á hvern lítra.

3. gr.

Á sölustöðum bifreiðaeldsneytis sem selja eina milljón lítra eða meira á ári skal auk þess vera verðskilti. Staðsetning verðskiltis skal vera þannig að verð á þeim tegundum eldsneytis sem í boði eru á sölustaðnum sjáist auðveldlega úr bifreið þegar hún nálgast sölustaðinn.

4. gr.

Uppgefið verð á verðskilti skal miðast við lægsta verð á sölustað enda komi það skýrt fram á skiltinu. Verðið skal standa öllum neytendum til boða. Efst á verðskiltinu skal skrá verð á 95 oktana bensíni en neðst skal skrá verð á dísilolíu. Verðskilti skal vera lýst upp þegar opið er á sölustaðnum.

5. gr.

Sölustaðir bifreiðaeldsneytis sem selja minna magn en um getur í 1. mgr. 3. gr. en vilja verðmerkja með skilti skulu fara eftir 3. og 4. gr. reglna þessara.